

FORTE PRO

The Professional Hair Dryer



FP 2020H
USER'S MANUAL




MIKILVÆGAR ÖRYGGISLEIÐBEININGAR


Lestu allar leiðbeiningar og viðvaranir í þessari handbók áður en þú notar tækið.

1. Ekki teygja snúruna, leggja þunga hluti á hana eða taka úr sambandi með því að toga í snúruna. Ekki er ráðlagt að nota framlengingarsnúru. Ef snúran skemmist verður strax að skipta henni út eða láta gera við hana hjá framleiðanda, þjónustuaðila hans eða álíka hæfum einstaklingi, til að koma í veg fyrir hættu.
2. Haltu snúrunni fjarri heitum yfirborðum og ekki vefja snúrunni utan um tækið.
3. Taktu tækið úr sambandi við innstunguna þegar það er ekki í notkun. Ekki snerta klóna eða tækið ef þú ert með blautar hendur.
4. Ekki nota tækið nálægt baðkari, sturtu, handlaugum eða öðrum ílátum sem innihalda vatn. Ekki nota tækið með blautar hendur, í röku umhverfi eða á blautu yfirborði.
5. Ekki setja tækið á kaf í vatn eða annan vökva.
6. Ef tækið virkar ekki rétt, ef það hefur dottið, skemmst, gleymst úti eða dottið ofan í vatn skal ekki nota það.
7. Ekki taka tækið í sundur því ef það er sett rangt saman getur það valdið raflosti eða eldsvoða.
8. Þegar tækið er notað inni á baðherbergi skal taka það úr sambandi eftir notkun því nálægð við vatn getur valdið hættu þótt slökkt sé á tækinu. Til að fá enn frekari vörn er ráðlagt að láta setja upp lekaliða með lekastraum sem er ekki hærri en 30 mA í raftengingu baðherbergisins.
9. Börn mega ekki nota tækið. Einstaklingar með skerta líkamlega getu, skynjun eða andlegan þroska eða skort á reynslu og kunnáttu mega eingöngu nota tækið ef þeir fá eftirlit eða leiðbeiningar frá ábyrgum einstaklingi um örugga notkun tækisins og ef þeir skilja mögulegar hættur.
10. Taktu tækið úr sambandi áður en það er þrifið. Ekki nota sterk hreinsiefni sem innihalda fenýl fenól.
11. Ekki nota tækið í neinum öðrum tilgangi en til að þurrka hár.

Yfirlit vöru




JRL FORTE PRO hárbúasari



Greiðslustútur



Sléttunarstútur



Dreifari



Þrifabursti

Tæknilýsingar vöru

MÓDEL	LÝSING
FP 2020H	220-240V~ 50/60Hz 1900-2150W
	120-125V~ 60Hz 1800-1875W

Leiðbeiningar

Gættu þess að hafa þurrar hendur áður en þú stingur tækinu í samband við rafmagn. Settu tækið í samband og ýttu aflofanum frá 0 til 1 (mynd 1). Þegar kveikt er á tækinu í fyrsta skipti blæs það lofti á lægstu hitastillingunni og með lágum blæstri. Fyrsta LED ljósið á hliðarhnöppunum lýsir.

Minnisstilling

Stillingin leyfir tækinu að leggja völdu hraðastillinguna og hitann á minnið.

Viðvörðun vegna þrifa

Þegar JRL LED ljósið er rautt verður að þrifa síuna.


Sjálfvirk þríf og viðvörðun

Þessi aðgerð er til að þrifa hárbلاسarann að innan. Ráðlagt er að gera þetta einu sinni eða tvisvar í mánuði.


Slökktu á tækinu, haltu þétt í handfangið og snúðu síunni gætilega rangsælis. Togaðu síuna niður og frá tækinu. Ýttu síðan á hnappinn fyrir blástursstillinguna og haltu honum inni í 5 sekúndur (mynd 2).

Þetta snýr mórtórtúrbínunni í öfuga átt í 15 sekúndur til að hægt sé að djúphreinsa síuna með því að blása út öllum ögnum sem eru eftir í henni. Þegar sjálfvirkum þrifum er lokið skal setja síuna aftur á sinn stað og snúa henni réttisælis til að læsa henni fyrir næstu notkun.


Ef þú vilt hætta við sjálfvirk þríf geturðu kveikt á tækinu og þá mun það virka eðlilega.



Mynd.1



Mynd.2




Mynd.3


Þríf og viðhald

Til að fá sem besta frammistöðu og lengstan endingartíma er ráðlagt að þrifa síuna að minnsta kosti einu sinni á dag.


Taktu tækið úr sambandi við rafmagn áður en þú þrífur síuna.




Skref 1. Haltu þétt í handfangið og snúðu síunni gætilega rangsælis. Togaðu síuna niður og frá tækinu.



Skref 2. Notaðu þrifaburstann til að fjarlægja ryk og agnir úr síunni.



Skref 3. Þetta skref þarf bara að gera á 15 daga fresti. Settu síuna á kaf í sápuvatn í 30 mínútur og notaðu þrifaburstann til að fjarlægja allt ryk eða agnir. Skolaðu síuna og þurrkaðu hana.



Skref 4. Settu síuna aftur á sinn stað og gættu þess að hún sé læst fyrir næstu notkun.

Greiningar

Villa	LED1	LED2	LED3	LED4	LED5	LED6
Vörn í vélbúnadi gegn yfirstraumi	blikkar	slökkt	slökkt	slökkt	slökkt	slökkt
Bilun í NTC	slökkt	blikkar	slökkt	slökkt	slökkt	slökkt
Vörn í hugbúnadi gegn yfirstraumi	blikkar	blikkar	slökkt	slökkt	slökkt	slökkt
Yfirspenna í tengibraut	blikkar	blikkar	blikkar	slökkt	slökkt	slökkt
Undirspenna í tengibraut	blikkar	blikkar	blikkar	blikkar	slökkt	slökkt
Teppa í mótór	blikkar	blikkar	blikkar	blikkar	blikkar	slökkt
Bilun í fasa	blikkar	blikkar	blikkar	blikkar	blikkar	blikkar
Annad	blikkar	slökkt	blikkar	slökkt	blikkar	slökkt

Ábyrgðarskilmálar

1. Ef varan hefur verið notuð og haldið við samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda er ábyrgðartími hennar 1 ár.
2. Aukahlutir, eins og sía, þrífaburstar o.s.frv., eru ekki í ábyrgð.
3. Ef eftirfarandi á við er varan ekki í ábyrgð og réttur á þjónustu fellur úr gildi:
 - * Ekki er hægt að sýna kvittun / sönnun innkaupa eða að upplýsingar stangist á við vöruna sjálfa. Það er skilyrði að sýna kvittun/sönnun innkaupa.
 - * Búið er að gera breytingar á tækinu.
 - * Ef ekki var farið eftir leiðbeiningum um notkun og viðhald í notendahandbók, og það hefur ollið skemmdum eða bilun, ef tækið hefur dottið í gólfid eða í vatn, og ef hvers kyns breytingar hafa verið gerðar á tækinu.
 - * Tækið hefur orðið fyrir skemmdum í flutningi eða vegna geymslu á stað sem ekki er mælt með.
4. Fyrirtækið mun gera kröfu um greiðslu fyrir viðgerðir ef ekki er hægt að sýna kvittun eða sönnun innkaupa, eða ef ábyrgðartími er liðinn.
5. Vinsamlega sendið bilað tæki beint til Bratt Trading hf í viðgerð, viðhald eða til að skipta því út.



**Guang Zhou Eagle
Fortress Hair Products Ltd.**

No.4 Shuanglong Yucai
Street, Shiling Town, Huadu
District, Guangzhou, 510899,
China

Bratt Trading AB

Radiovägen 34
135 48 Tyresö SWEDEN
+46 (8) 712 95 10
info@bratt-trading.se
www.bratt-trading.com



www.jrl.com



www.bratt-trading.com

